

App

App, eða **smáforrit**, á við um forrit sem eru aðallega notuð í farsíma og spjaldtölvu. Orðið **app** er stytting á enska orðinu Application, sem þýðir **smáforrit** eða **hugbúnaður**. Hægt er að fá þessi forrit í gegnum netverslanir sem reknar eru af fyrirtækjunum sem gefa út stýrikerfið sem keyra forritin. Sum forrit eru endurgjaldslaus en önnur þarf að greiða fyrir.

Dæmi um smáforritaverslanir:

- Amazon
- App Store (iOS)
- Ebay
- Google Play
- Play Store

Orðið **app** hefur verið notað af ýmsum fyrirtækjum á íslensku og jafnvel sem sagnorð. Nokkrar tillögur á íslensku orði fyrir þetta hugtak hafa birtst, til dæmis smáforrit, forritsstubbur og notra.

Strætó-appið

Með Strætó-appinu er meðal annars hægt að:

- Finna næstu biðstöð
- Finna réttu leiðina
- Fylgjast með vögnum á rauntímakorti
- Kaupa miða og áskrift
- Senda miða á annan notanda
- Sjá hvar vagn er staðsettur

Ferða-app á 25 tungumálum

ECC-netið sem er samstarfsnet 30 skrifstofa sem eru starfræktar í öllum löndum Evrópusambandsins auk Íslands og Noregs. Það leiðbeinir og aðstoðar neytendur sem lenda í vandræðum vegna kaupa á vöru eða þjónustu frá seljanda í öðru Evrópulandi. ECC-netið hefur gefið út sérstakt snjallsímaforrit, eða app, fyrir ferðamenn. Því er ætlað að svara ýmsum spurningum sem upp geta komið á ferðalagi um Evrópu og aðstoða ferðamenn lendi þeir í vandræðum við til dæmis:

1. Bílaleigu
2. Flugferðir
3. Hótelgistingu
4. Lestarferðir
5. Rútuferðir
6. Siglingar
7. Vörukaup í verslunum